

**9. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 1. september 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1410165 - Dalbraut 6 - Þarfagreining og umræða um fjárhagsáætlun**

Kynnt verða drög að erindi til bæjarráðs sbr. fundargerð síðasta fundar.

Kynnt verður kostnaðaráætlun um stækkun á húsnæðinu.

Kynntar verða tölur varðandi hönnunarkostnað við húsnæðið.

Næstu skref rædd og ákveðin.

*Farið var yfir drög að kostnaðaráætlun varðandi stækkun á húsnæðinu og kostnaðaraukann sem því fylgir. Til fundarins mætti Þorvaldur Vestmann og skýrði áætlunina. Forsendur sem hann byggði á að húsið væri með flötu þaki. Um er að ræða áætlun kostnaðar við breytingu á húsnæðinu án innréttinga.*

*Kostnaðaráætlun er kr. 45.220,000. Kostnaður við frumhönnun er áætluð 3 milljónir. Viðbótin yrði 425m<sup>2</sup>. Núverandi stærð húsnæðisins eru 821 m<sup>2</sup>.*

*Gerð voru drög að rýmisáætlun.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.**

